

2. Mósebók – Exodus

20. kafli – Guðdómlegi sáttmálinn

¹Og Guð talaði öll þessi orð og sagði: ²Ég er Jahve, Guð þinn, sem leiddi þig út af Egiptalandi, út úr þraelahúsinu. ³Þú skalt ekki hafa aðra guði en mig. ⁴Þú skalt engar líkneskjur gjöra þér né nokkrar [helgi]myndir eftir því sem er á himnum uppi, eður því, sem er á jörðu niðri, eður því, sem er í vötnunum undir jörðunni; ⁵þú skalt ekki tilbiðja þær og ekki dýrka þær; því að ég Jahve, Guð þinn, er vandlátur Guð sem vitja misgjörða feðranna á börnunum, já í þriðja og fjórða lið, þeirra sem mig hata; ⁶en auðsýni miskunn þúsundum þeirra sem elska mig og varðveita boðorð mín. ⁷Þú skalt ekki leggja nafn Jahve, Guðs þíns, við hégóma, því að Jahve mun ekki láta þeim óhegnt, sem leggur nafn hans við hégóma. ⁸Minstu þess, að halda hvíldardaginn heilagan. ⁹Sex daga skalt þú erfiða og vinna alt þitt verk; ¹⁰en sjöundi dagurinn er hvíldardagur helgaður Jahve, Guði þínum; þá skalt þú ekkert verk vinna og ekki sonur þinn eða dóttir þín, þræll þinn eða ambátt þín eða skepnur þínar, eða nokkur útlendingur sem hjá þér er innan borgarhliða þinna; ¹¹því að á sex dögum gjörði Jahve himin og jörð, hafið og alt sem í þeim er, og hvíldist sjöunda daginn; fyrir því blessaði Jahve hvíldardaginn og helgaði hann. ¹²Heiðra föður þinn og móður þína, svo að þú verðir langlífur í því landi, sem Jahve Guð þinn, gefur þér. ¹³Þú skalt ekki morð fremja. ¹⁴Þú skalt ekki drýgja hór. ¹⁵Þú skalt ekki stela. ¹⁶Þú skalt ekki bera ljúgvitni gegn náunga þínum. ¹⁷Þú skalt ekki girnast hús náunga þíns. Þú skalt ekki girnast konu náunga þíns, ekki þræl hans eða ambátt, ekki uxa hans eða asna, né nokkuð það, sem náungi þinn á.

¹⁸Og alt fólkið heyrði og sá reiðarþrumurnar og eldingarnar og lúðurþytinn og fjallið rjúkandi; og er fólkið sá þetta, skelfdust þeir og stóðu langt í burtu. ¹⁹Þeir sögðu þá við Móse: Tala þú við oss og vér skulum hlýða; en lát ekki Guð tala við oss, að vér deyjum ekki. ²⁰Og Móse sagði við fólkið: Óttist ekki, því að Guð er kominn til þess að reyna yður og til þess að hans ótti sé yður fyrir augum, svo að þér syndgið ekki. ²¹Stóð fólkið þá kyrt langt í burtu, en Móse gekk að dimma skýinu, sem Guð var í. ²²Og Jahve mælti við Móse: Svo skalt þú segja Ísraelsmönnum: Þér hafið sjálfir séð, að ég hefi talað til yðar af himnum. ²³Þér skuluð eigi til búa aðra guði jafnhliða mér; guði af silfri eða guði af gulli skuluð þér ekki búa yður til. ²⁴Þú skalt gjöra mér altari af torfi, og á því skalt þú fórna brennifórnum þínum og þakkarfórnum, sauðum þínum og nautum; alstaðar þar sem ég læt minnast nafns míns, mun ég koma til þín og blessa þig. ²⁵En gjörir þú mér altari af steinum, þá mátt þú ekki hlaða það af högnu grjóti; því berir þú meitil á það, þá vanhelgar þú það. ²⁶Og eigi mátt þú þrep upp ganga að altari mínu, svo að blygðun þín opinberist þar ekki.